

Mál nr. 433/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.

Starfskona rann í tveim tilvikum og meiddist þ. 7. og 21.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-24
2. Bréf V dags. 14.12.2015

Málsatvik.

M er leiðbeinandi á leikskóla á vegum K og segist hafa orðið fyrir tveim slysum í húsnæði skólans. Fyrri slysið hafi verið með þeim hætti að vatnspollur hafi verið á gólfi í matsal leikskólans og hafi M runnið í honum og skolið í gólfi og við þetta hafi M tognað illa á læri, hné og nára í vinstra fæti. M segir að ástæða þess að vatnspollur var á gólfinu hafi verið sú að barn hafi rekist í vatnsglas og hafi M gengið framhjá vatnspollinum og bent öðrum starfsmanni á að þurrka vatnið af gólfinu, en um 25 mínútum síðar hafi M stigið í umræddan vatnspoll með fyrrgreindum afleiðingum. Síðara slysið segir M að hafi orðið með svipuðum hætti að hún hafi runnið í vatnspoli og hafi undirliggjandi einkenni vegna fyrri slyssins versnað við þetta. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V og byggir á að um hafi verið að ræða óforsvaranlegar vinnuáðstæður og athafnaleysi starfsmanns leikskólans hvað fyrri slysið varðar að þurrka ekki vatnið af gólfinu. M vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og einnig til laga nr. 90/2008 um leikskóla einkum 12.gr. þeirra laga.

V hafnar bótaskyldu og segir að M haldi því fram að hún hafi bent samstarfskonu sinni sem var að sinna tveim börnum á að þurrka upp bleytuna á gólfinu í fyrri tilvikinu, en það hafi að mati V staðið M a.m.k. jafn nærri að þurrka upp bleytuna eins og samstarfskonunni auk þess sem M hafi ekki haft boðvald yfir samstarfskonunni. Í síðara tilvikinu segir V að það hafi orðið skömmu eftir að starfsfólk mætti til starfa og ekki sé ljóst af hverju bleyta var á gólfinu. V segir að M hafi verið búin að starfa í 6 mánuði á leikskólanum þegar hún varð fyrir slysunum og telur V að henni hljóti að hafa verið kunnugt um að bleyta gæti verið á gólfi í síðara tilvikinu. V telur að slys M megi rekja til óhappatilvika eða gáleysis M

Álit.

Samkvæmt lýsingu M á atvikum varðandi fyrri slysið, þá vissi hún af vatni á gólfi eldhúss skólans þegar hún gekk þar um nokkru áður en hún gekk síðan í þennan sama vatnspoll. Þrátt fyrir að M hafi bent samstarfskonu sinni á vatnspollinn þegar hún varð hans vör þá liggur ekki fyrir að það hafi verið í verkahring samstarfskonunnar umfram M að þurrka vatn af gólfi eldhússins. Þar sem M vissi af vatnspoli í matsal skólans og gat ekki gefið sér að buíð væri að þurrka hann upp, þá sýndi hún ekki nægjanlega árvekni þegar hún gekk um gólf matsalarins í umrætt sinn og rann í umræddum polli. Í síðara tilvikinu varð M fyrir slysi skömmu eftir að starfsfólk mætti til starfa. Af hálfu M er ekki sýnt fram á að aðbúnaði á vinnustað hafi verið ábótavant eða að K hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart starfsfólki þannig að leiði til skaðabótaskyldu K vegna þeirra slysa sem M varð fyrir. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá M.

Reykjavík 12.1.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.